

A 1788/välfärd

Flytjandi Norræn vinstri græn
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um að heimila jaðarkynverundarhópum að gefa blóð**Tillaga**

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að heimila jaðarkynverundarhópum að gefa blóð á sömu forsendum og öðrum borgurum.

Aðdragandi

Flestar stærri borgir Norðurlanda standa árlega fyrir hátíðahöldum og göngum á borð við Hinsegin daga og Gleðigönguna til að fagna fjölbreytileika og jöfnum réttindum. Þó er það enn svo að vissum þjóðfélagshópum er mismunað á ýmsum sviðum. Þrátt fyrir stöðugan skort á blóði í blóðbönkum norrænu landanna fá karlmenn sem hafa kynmök við aðra karlmenn ekki að gefa blóð á sömu forsendum og aðrir. Þessi stimplun á tilteknum hópi fólks fær að viðgangast þó að allt blóð sé skimað fyrir sjúkdómum á borð við alnæmi, sárasótt, lifrabólgu B og lifrabólgu C. Eftirlit með blóði úr blóðgjöfum er strangt til að tryggja að öryggi sjúklinga sé ekki stefnt í hættu.

Fjölmarginir einstaklingar vilja gefa blóð og leggja þannig sitt af mörkum til að bæta birgðastöðuna í sínu landi. Við í Norrænum vinstri grænum teljum að við þurfum á öllum viljugum blóðgjöfum að halda.

Allt gefið blóð er rannsakað og skimað og því er ekki sanngjarnt að karlar sem hafa haft kynmök við aðra karla fái aðra meðferð en aðrir sem vilja gefa blóð. Sænska félagið RFSL telur að þegar um ræðir karla sem hafa haft kynmök við aðra karla ætti að nægja að þeir hafi ekki haft slík kynmök í fjóra mánuði fyrir blóðgjöf. Sama ætti að ganga yfir konur sem hafa kynmök við karla sem hafa haft kynmök við aðra karla. Þetta er möguleiki sem Norðurlöndin gætu skoðað nánar. Burtséð frá því hve langur biðtíminn er ætti ekki að gera upp á milli fólks hvað þetta varðar, heldur láta það sama ganga yfir alla blóðgjafa.



Nuuk, 12. september 2018

Christian Juhl (EL)

Christian Poll (ALT)

Håkan Svenneling (V)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Paavo Arhinmäki (vänst)

Pauli Trond Petersen (T)

Sofia Geisler (IA)

Solfrid Lerbrekk (SV)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)